



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

ársskýrsla

2021

EFNISYFIRLIT

Pistill formanns stjórnar	4
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar	6
Endurskoðun skipulagsskrár	7
Starfsfólk	
Verktakar	7
Starfsstöðvar	7
Innra starf Símenntunar	9
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum	12
Rekstur	
Tekjur	
Útgjöld	
Skipting tekjuliða 2019–2021	
Tölfræði	
Formlegir samstarfsaðilar	21
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður	
Náms- og starfsráðgjöf	27
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði	
Raunfærnimat.	32
Vottaðar námsleiðir.	35
Íslenski hæfniramminn um íslenska menntun.	37
Hæfnigreiningar starfa.	37
Fjölmennt.	38
Samstarfsverkefni	37
Innlend	
Erlend	
Fyrirtækjafræðsla.	42
Fræðslustjóri að láni	42
Samtök í fullorðinsfræðslu	43
Úr ýmsum áttum	46
Viltu fræðast meira um framhaldsfræðsluna?	49
Að lokum	50

PISTILL FORMANNS STJÓRNAR

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015 og eiga að gilda til ársins 2030. Markmiðin, sem eru 17 talsins með alls 169 undirmarkmið, taka á samfélagsmálum í víðum skilningi og er markmið númer 4 tileinkað menntun fyrir alla og gengur, nánar til getið, út á að tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi.

Þó staðan á Íslandi sé heilt yfir góð í alþjóðlegum samanburði þurfum við sem samfélag að halda vöku okkar til að halda í við örar samfélagsbreytingar þar sem loftslagsmál eru ofarlega á baugi og tæknibreytingar eru gríðarlegar dag frá degi. Menntastofnanir, líkt og Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, hafa stóru hlutverki að gegna til þess að hjálpa okkur sem samfélagi við að halda í við þróunina þannig að við drögumst ekki aftur úr í samkeppni þjóða og samfélaga. Við Íslendingar erum metnaðarfull þjóð og við þurfum að hlúa að því að okkur sem hér búum sé boðið upp á öflug tæki til þess að mennta okkur og fræða.

Stjórnskipulagið þarf að einfalda þannig að hin svokölluðu kerfi tali betur og skýrar saman. Ég vil nefna í þessu tilliti menntakerfið og velferðarkerfið sem þarf að tengja betur saman,

sameina krafta og snúa bökum saman og stjórnvöld þurfa að laga sig að því og styðja í verki við fræðslu við þá sem eru með einum eða öðrum hætti við störf tengd velferðarmálum.

Við Íslendingar þurfum að átta okkur á því að við höfum ekki nægan mannafla á almennum vinnumarkaði til þess að takast á við fleiri og stærri áskoranir við að byggja upp öfluga og sterka innviði í velferðarkerfinu.

Við þurfum að reiða okkur á innflytjendur í ríkara mæli og því dýrmæta og góða fólki, öfluga vinnuafla, þurfum við að hlúa að., Þar skiptir máli að ríkisvaldið stígi inn með myndarbrag og styðji við bakið á símenntunarmiðstöðvunum í landinu öllu til þess að efla faglegt starf og þekkingu þeirra sem í velferðargeiranum starfa.

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og það öfluga fólk sem þar starfar hefur sýnt í verki metnað sinn,

getu og vilja til þess að stíga þau skref sem ég nefni hér að framan. Til fyrirmyndar var hvernig Símenntunarmiðstöðin kom að verkefni í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, styrkt af Sóknaráætlun Vesturlands, um námskeiðaröð fyrir starfsfólk á Vesturlandi sem sinnir öldruðum, hvort sem er í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga eða á öldrunarstofnunum. Þar sýndi Símenntun



hæfni sína til aðlögunar með stuttum fyrirvara og er það víska mín að á þessum grunni verði áframhaldandi samstarf byggt í velferðargeiranum í víðu samhengi.

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi er framsýn eining og er nú unnið að því að uppfæra ýmislegt er snýr að kynningarmálum, samþykktum Símenntunar og öðrum áherslum. Framtíðin er björt og mikilvægt er að við sem stöndum að Símenntunarmiðstöðinni,

sveitarfélög, menntastofnanir, stéttarfélög og atvinnulífið á Vesturlandi, stöndum þétt við bakið á henni um ókomna tíð, þannig höldum við í sameiningu við hraða þróun í tækni og samfélagsþróun almennt.

Björn Bjarki Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri Brákarhlíðar og formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.



STJÓRN SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa sex aðalmenn í stjórn og sex til vara. Skipun stjórnar er til tveggja ára og var ný stjórn kosin á aðalfundi 2020 til tveggja ára.

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Fjölbrotaskóli Vesturlands	Steinunn Inga Óttarsdóttir	Þorbjörg Ragnarsdóttir
Fyrirtæki/stofnanir	Rósa Guðmundsdóttir	Björn Bjarki Þorsteinsson
Háskólinn á Bifröst	Guðjón Ragnar Jónsson	Ragnheiður Ásta Birgisdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Lilja Björg Ágústsdóttir	Signý Óskarsdóttir
Stéttarfélagin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar var Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún lét af störfum hjá skólanum haustið 2021 og hætti þar með í stjórn Símenntunar. Guðrúnu eru þökkud vel unnin störf í stjórn Símenntunar og óskað velfarnaðar.

Björn Bjarki Þorsteinsson tók við formennsku fram að aðalfundi 2022.

Á árinu 2021 voru haldnir fjórir stjórnarfundir, þrír staðfundir og einn fundur haldinn með fjarfundarbúnaðinum Teams.

Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar var haldinn 24. mars 2021 á Hótel Hamri. Líkt og síðustu ár var aðalfundurinn haldinn sameiginlega með stofnunum í stoðkerfinu á Vesturlandi, þ.e. Starfsendurhæfingu Vesturlands, Markaðsstofu Vesturlands, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Sorpurðun Vesturlands.



Frá aðalfundi Símenntunarmiðstöðvarinnar.

ENDURSKOÐUN SKIPULAGSSKRÁR

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar ákvað að fara í endurskoðun skipulagsskrár, en upphafleg skipulagsskrá hefur verið í gildi hingað til. Miklar samfélagsbreytingar hafa átt sér stað síðan Símenntunarmiðstöðin var stofnuð árið 1999 og nauðsynlegt að breyta orðalagi, endurskoða markmið og skipun fulltrúa í stjórn.

Endurskoðuð skipulagsskrá var samþykkt á stjórnarfundum 15.02.2021 og verður lögð fram til kynningar á aðalfundi Símenntunar 16. mars 2022.

Starfsfólk

Hjá Símenntunarmiðstöðinni störfuðu sex starfsmenn og voru ársverkin 4,10 á árinu 2021:

Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri

Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri

Magnús Smári Snorrason verkefnastjóri

Sigurgeir Viktorsson bókarí

Sólveig Indriðadóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri

Sunna Rós Þorsteinsdóttir ræsting og tilfallandi verkefni

Sunna lét af störfum á vormánuðum og eru henni þökkun vel unnin störf og óskað velfarnaðar.

VERKTAKAR

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu um 50 verktakar hjá Símenntunarmiðstöðinni á árinu, við kennslu og önnur verkefni. Stór hluti af starfsemi miðstöðvarinnar byggist á vinnu verktaka, þeir kenna á námskeiðum og í lengri námsleiðum og vinna sem matsaðilar í raunfærnimati sem og í verkefnastjórnun og þróunarverkefnum.

STARFSSTÖÐVAR

Húsnæði	Staður	Heimili	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Ben og félagar ehf.
Skrifstofur	Akranes	Bárugata 10-12	Brim

VÍGLUNDUR JÓHANSSON

Kennir fólki með skerta starfsgetu matreiðslu og bakstur

Svo mikið er víst að Víglundur Jóhannsson, matreiðslu- og bakameistari í Stykkishólmi, situr aldrei auðum höndum. Hann hefur jafnan mörg járn í eldinum í sinni daglegu vinnu og auk þess er hann í háskólanámi og á stóra fjölskyldu. Engu að síður gefur Víglundur sér tíma til þess að gefa af sér í þágu fólks með fötlun í Stykkishólmi. Á árinu 2021 bauð Víglundur í samvinnu við Ásbyrgi – dagþjónustu og vinnustofu fyrir fólk með skerta starfsgetu í Stykkishólmi og Símenntunarmiðstöð Vesturlands upp á námskeið í bakstri og matreiðslu fyrir fólk með fötlun sem tókust mjög vel og var mikil ánægja með.

Í grunninn er Víglundur með sveinspróf sem bakari, þeirra réttinda aflaði hann sér árið 1998. Síðar tók hann meistararéttindi í bakstri. Hann fór síðan á samning í matreiðslu á veitingastaðnum Narfeyrarstofu í Stykkishólmi. Í verknámsskólum er grunnurinn í matreiðslu- og bakaranámi hinn sami og því þurfti Víglundur tiltölulega litlu við sig að bæta til þess að fá matreiðsluréttindin. Hann fór í raunfærnimat í matreiðslu hjá Iðuni fræðslusetri árið 2019 og tók verklegt nám í þriðja bekk matreiðslu í Menntaskólanum í Kópavogi. Að því loknu tók Víglundur sveinspróf og í framhaldinu fór hann í meistaraskólann í matreiðslu í fjarnámi við MK. En Víglundur lét ekki þar við sitja því hann hóf sl. haust nám í Háskóla Íslands til þess að afla sér kennsluréttinda meistarara. Námið tekur hann í fjarnámi og lýkur því á fjórum öðrum. Að náminu loknu fær Víglundur réttindi til þess að kenna matvælagreinar á framhaldsskólastigi og heimilisfræði í grunnskóla.

En eins og þetta sé ekki nóg er Víglundur einnig með vélgæslu- og skipstjórnarréttindi. Hann rifjar upp að hann hafi verið á strandveiðum á trillu og eitt sumar hafi hann verið með sjóferðir fyrir ferðamenn út á Breiðafjörð. Til þess þurfti Víglundur tilskilin réttindi – pungaprófið til skipstjórnar, vélgæsluréttindi og ROC fjaraskiptanámskeið.

„Ég hef verið með námskeið fyrir fólk með



fötlun hér í Stykkishólmi undanfarin ár í samstarfi við Ásbyrgi. Þetta hafa verið allskonar námskeið. Ég hef kennt fólkinu á sínum heimilum, einnig hef ég fengið afnot af heimilisfræðistofunni í grunnskólanum og við eldum líka í Ásbyrgi, þar sem er ágætlega búið eldhús. Við höfum þann háttinn á að við ákveðum fyrst hvað við eldum eða bökkum og síðan gerum við innkaupalista, förum saman út í búð, kaupum inn og hefjumst síðan handa. Að eldamennskunni lokinni setjumst við niður og njótum afrakstursins,” segir Víglundur og bætir við að hann njóti hverrar mínútu á þessum námskeiðum, þetta sé mjög gefandi.

„Ég hef smám saman verið að þróa þessi námskeið og finn að það sem ég læri í kennslunáminu mínu í HÍ nýtist mér mjög vel. Það sem mér finnst ekki síst mikilvægt er að þessi kennsla og samverustundir skilji það eftir að fólkið verði meira sjálfbjarga með þessa hluti, þ.e. þeir sem elda sjálfir heima. Auk þess að vera með verklega kennslu í matreiðslu og bakstri fer ég m.a. í næringarfræðina og á hvað beri að leggja áherslu við að elda hollan og góðan mat. Þeim sem glíma við sykursýki sýni ég hvernig hægt er að breyta uppskriftum til þess að forðast viðbættan sykur – t.d. í bakstri á pönnukökum, eplakökum eða skúffukökum,” segir Víglundur Jóhannsson.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir báðar starfsstöðvarnar og var gerð úttekt á þeim haustið 2020.

Símenntunarmiðstöðin hætti að leigja húsnæðið á Suðurgötu 57 á Akranesi frá og með 1. júní 2021. Áætlað var að kennsluaðstaða yrði tilbúin á Breiðinni á Akranesi á haustmánuðum 2021, en þeirri framkvæmd seinkaði og hefur Símenntunarmiðstöðin m.a. leigt aðstöðu af Starfendurhæfingu Vesturlands að Suðurgötu 57 fyrir kennslu og próftöku háskólanema.

Áætlað er að kennsluaðstaða verði tilbúin á Breiðinni í byrjun haustannar 2022.

Á árinu 2021 seldu Ríkiseignir neðri hæðina á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi en Ben og félagar ehf. keyptu húsnæðið. Símenntunarmiðstöðin leigir af nýjum eiganda og stendur fyrir dyrum að starfsfólk Símenntunar flytji sig um set innanhúss í nýjar skrifstofur.

INNRA STARF SÍMENNTUNAR – UMBÓTAMÍÐAÐ GÆÐASTARF

Undanfarin misseri hefur Símenntun verið að rýna allt sitt gæðastarf og verið með í endurskoðun og uppfærslu bæði upplýsingahögun og verkferla. Unnið hefur verið að því að setja upp rafræna gæðahandbók þar sem allt skipulag gæðamála er vistað á aðgengilegan máta.

Starfsfólk – fyrirtækjaheimsóknir

Það er alltaf gott og gagnlegt að fara í heimsóknir til systrastofnana og samstarfsaðila til að fræðast um þeirra starf. Á árinu 2021 voru fjórar stofnanir heimsóttar; Viska - fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, Framvegis - miðstöð símenntunar í Reykjavík og Starfsmennt fræðslusetur.

Allar þessar heimsóknir voru mjög fræðandi og skemmtilegar, þær styrktu tengslanetið og ýttu undir aukna þekkingarmiðlun.

Markaðsstefna

Markaðsmál og sýnileiki er eitt af því sem er mikilvægt fyrir stofnun eins og Símenntunarmiðstöðina og alltaf má gera betur í þeim efnum. Í ljósi þess ákvað stjórn og starfsfólk að fara í markaðsstefnumótun og fékk ráðgjafa frá Manhattan Marketing með í þá vinnu. Viðtöl voru tekin við samstarfsaðila og fleiri, unnið í rýnihópum og gerðar kannanir.

Horft var til styrkleika, veikleika, ógnana og tækifæra fyrir Símenntunarmiðstöðina og unnar tillögur að aðgerðum í framhaldinu.

Gildi Símenntunarmiðstöðvarinnar

Í tengslum við skoðun á markaðsstarfi og almennri starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar fór starfsfólk í gildavinnu. Gildin eiga að endurspeglar það sem fyrirtækið stendur fyrir, það sem tengir starfsfólk, nemendur, ráðþega og viðskiptavinum saman.

Gildin sem starfsfólk valdi eru fagmennska – sveigjanleiki - framsækni.

Markaðsefni

Starfsfólk hefur unnið að gerð nýs markaðsefnis síðustu mánuði, en grafískur hönnuður og vefforritari var fenginn til að leiða þá vinnu. Einnig er verið að taka vef Símenntunarmiðstöðvarinnar í gegn og unnið að því að gera hann notendavænni. Nýr vefur verður opnaður á vormánuðum 2022.

Microsoft Office 365

Símenntunarmiðstöðin hefur notað O365 í nokkur ár og gefist vel, en í þeim pakka eru fjölmörg verkfæri sem hægt er að nýta betur í starfinu.

Á árinu var farið í að endurskipuleggja varðveislu skjala og gagna skjalahögun og búa til svokallaða vefgátt fyrir starfsfólk. Einnig er unnið að því að setja gæðahandbók Símenntunarmiðstöðvarinnar á veflægt form, þannig að allar upplýsingar séu aðgengilegri og starfsfólk meðvitaðra um öll gæðaviðmið í daglegu starfi.

Auk þess er unnið að því að tengja vinnugáttina við Teams og Planner og skilgreina betur hvaða gögn eru geymd hvar.

Bókhald

Markvisst hefur verið unnið að því að minnka pappírsmarkun í bókhaldinu og gera vinnuna rafrænni. Símenntunarmiðstöðin fór m.a. í skeytamiðlun og núna er sett inn í alla verktakasamninga að reikningar skuli vera á rafrænu formi.

Út frá þessu hafa verkferlar í bókhaldi verið endurskoðaðir til að gera alla bókhaldsvinnu markvissari.

Kennslu- og nemendabókhaldskerfi INNA

Allar símenntunarmiðstöðvarnar eru með nemendabókhaldskerfið INNU, en þetta kerfi er einnig í öllum framhaldsskólum landsins. Allar vottaðar námsleiðir, sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu, niðurstöður úr viðtölum hjá náms- og starfsráðgjafa og niðurstöður raunfærnimats eru skráðar í INNU.

LearnCove

Hjá Símenntunarmiðstöðinni er aukin áhersla á fyrirtækjafræðslu og voru vangaveltur um hvaða kerfi gæti hentað fyrir hana. Ýmis kerfi eru nú þegar til og í stöðugri þróun en niðurstaðan var að prófa kerfi sem heitir LearnCove sem byggir á íslensku hugviti. Nokkrar aðrar símenntunarmiðstöðvar eru einnig að prófa sig áfram með þetta kerfi.

BIRNA RAGNHEIÐARDÓTTIR IMSLAND

Nám í samfélags- túlkun skiptir miklu máli

Birna Ragnheiðardóttir Imsland, ráðstefnutúlkur í Reykjavík, var einn kennara í námi í samfélags-túlkun sem Símenntunarmiðstöð Vesturlands bauð upp á á haustönn 2021. Námið byggir á vottaðri námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnu-lífsins, sem Mímir símenntun vann fyrir Mennta-málastofnun árið 2019.

Í starfi samfélagstúlks felst samkvæmt námskrá að miðla „munnlega merkingu milli aðila sem ekki tala sama tungumál, án þess að taka afstöðu til viðfangsefnisins. Hann þarf að hafa þekkingu á tveimur eða fleiri tungumálum, mismunandi menningarheimum og siðavenjum.“

„Í stórum dráttum erum við að kenna nemendum að túlka og í því felst að þeir þurfa að kunna íslensku og í það minnsta eitt annað tungumál. Við förum vítt yfir starf samfélagstúlks, hvað hann á að gera og hvað beri að varast. Námið skiptist í fjóra meginhluta; í fyrsta lagi er það samfélagstúlkunin sjálf og réttindi og skyldur, sem ég kenni, í öðru lagi er farið í siðfræði, í þriðja lagi fjölmenningu og fjórði þátturinn er almenn starfshæfni,“ segir Birna.

Víða í samfélaginu er þörf á samfélagstúlkum, m.a. í skólum, atvinnulífinu, heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og lögreglustöðvum. Einnig er þörf á samfélagstúlkum í starfsmannaviðtölum, ef upp koma lögfræðileg álitamál og í fjölmörgu öðru í samfélaginu.

Sem fyrr segir er nám fyrir samfélagstúlka nýtt af nálíni á Íslandi og var það fyrst kennt hjá Mími símenntun í Reykjavík. Einnig hefur verið boðið upp á þetta nám, auk Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og á Ísafirði. Birna segir að upptaktur að þessu námi hafi verið að nokkrir sérfræðingar í túlkun og málefnum innflytjenda, hún þar með



talín, hafi búið til starfaprófil fyrir samfélagstúlka og í framhaldinu hafi verið skrifuð námskrá, vottuð af Menntamálastofnun, sem fyrr segir.

„Það er engin spurning að það var mikil þörf á þessu námi og þeir samfélagstúlkar sem hafa lokið því segja að það hafi skipt þá miklu máli. Þetta er ellefu vikna nám sem við kennum að töluverðu leyti með fyrirkomulagi vendikennslu í fjarnámi en einnig er staðnám í nokkur skipti þar sem nemendur eru æfðir í túlkuninni,“ segir Birna sem er með meistarapróf í ráðstefnutúlkun frá Háskóla Íslands.


„Í mínum huga er mikilvægt að samfélagstúlkar hafi breiða þekkingu á því sem þeir eru að gera og þeir nemendur sem fara í gegnum þetta nám fá nauðsynlega þjálfun og þekkingu sem nýtist þeim í starfi – og ekki má heldur gleyma því að námið styrkir sjálfstraust þeirra til þess að takast á við starfið. Ég veit þess mörg dæmi að nemendur okkar hafa eflst sem samfélagstúlkar og það skiptir ekki síður miklu máli fyrir þá sem þeir eru að túlka fyrir,“ segir Birna Ragnheiðardóttir Imsland.

STARFSEMI SÍMENNTUNAR- MIÐSTÖÐVARINNAR Í TÖLUM



Rekstur Símenntunarmiðstöðvarinnar

Símenntunarmiðstöðin er “non-profit” stofnun sem þýðir að hún er ekki hagnaðardrifin. Símenntunarmiðstöðin er á fjárlögum, auk þess sem verkefnatengt rekstrarfé kemur frá Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar. Þetta tvennt er stærsti hlutinn í rekstri Símenntunarmiðstöðvarinnar og hefur verið á bilinu 62-64% síðustu þrjú ár. Tekjur vegna erlendra verkefna teljast til styrkja sem og fjármagn sem kemur frá Fjölmenn – símenntunar og þekkingarmiðstöð fyrir fólk með fötlun og í íslensku fyrir útlendinga. Auk þess koma tekjur í gegnum sérverkefni, s.s. vegna fræðslugreininga og námskeiðahalds fyrir atvinnulífið og almenning.



Síðustu tvö ár hafa verið krefjandi og lærdómsrík, en það þurfti að skipta um takt í starfseminni vegna Covid. Áhersla var mun meiri á raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf en árin á undan, en lægð kom í fyrirtækjafræðsluna. Það bendir margt til þess að atvinnulífið sé að taka við sér og má gera fastlega ráð fyrir því að fyrirtækjafræðslan verði blómlegri á árinu 2022.





Tekjur




Útgjöld



Skipting tekjuliða 2019–2021







Tölfræði



Fjöldi þátttakenda var heldur meiri á námskeiðum og í lengra námi á árinu 2021 en á árinu á undan. Það er óhætt að segja að Covid hafi haft áhrif á námskeiðahald síðustu 2 ár, en mun minna var af námskeiðum og lengri námsleiðum síðustu tvö ár en árin þar á undan.

Við höfum þó verið í miklu og góðu samstarfi við Vinnumálastofnun og þjónustað atvinnuleitendur með fjölbreyttu námsframboði. Símenntunarmiðstöðin tók m.a. þátt í átakinu “Nám er tækifæri” sem fjallað er betur um hér aftar í skýrslunni. Undir hatti þessa átaks var m.a. boðið upp á hluta úr námsleið sem heitir Stökkpallur og var námið kennt í fjarnámi og á pólsku.




Helsta breytingin síðustu tvö ár felst í mun meiri fjarkennslu og fjarráðgjöf. Mun fleiri námskeið og lengri námsleiðir voru í fjarnámi og mæltist það vel fyrir. Viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum voru einnig mun fleiri í gegnum teams og gafst það vel.


Þessi þróun er komin til með að vera, þ.e. að bjóða meira upp á fjarkennslu- og ráðgjöf enda kallar markaðurinn eftir því og gott að hafa þennan möguleika. Það breytir því ekki að staðnám þarf líka að vera, enda er maður manns gaman í raunheimum og margar hugmyndir sem fæðast í spjalli yfir kaffibolla á milli kennslustunda og það sama á við um ráðgjöfina.




Hlutfall þátttakenda eftir svæðum í staðnámi og hlutfall fjarnáms



Hlutfall þátttakenda í námskeiðum og lengra námi eftir svæðum



Hlutfall nemendastunda eftir búsetu þátttakenda



GARÐAR VILHJÁLMSOON

Raunfærnimatið nýtist fólki vel

Garðar Vilhjálmsso, kennari í viðskiptagreinum og gæðastjóri í Menntaskólanum í Kópavogi, er matsaðili í raunfærnimati í verslunarfulltrúa fyrir Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

„Áður en matsviðtalið er tekið rýni ég í ferilskrána sem þátttakendur gera í samstarfi við viðkomandi símenntunarmiðstöð. Þegar kemur að sjálfu matsviðtalinu er leitast við að draga fram starfsreynslu viðkomandi, þátttöku í félagslífi og áhugamál,“ segir Garðar.

Út úr raunfærnimati hvers og eins kemur ákveðin niðurstaða sem hægt er að meta til framhaldsskólaeininga í því námi sem um ræðir. Garðar er matsaðili í verslunarfulltrúa sem þýðir að horft er til samnefndrar vottaðrar námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Ástæður þess að fólk fer í raunfærnimat í verslunarfulltrúa segir Garðar að séu af ýmsum toga en margir horfi til þess að fara í framhaldinu í nám, formlegt eða óformlegt hjá símenntunarmiðstöðvum, eða á framhaldsskóla- eða háskólabrú. Þess eru dæmi, segir Garðar, að nám til löggilts fasteignasala hafi metið þær einingar sem út úr raunfærnimati verslunarfulltrúa kemur.

Garðar hefur í um áratug tekið matsviðtöl vegna raunfærnimats verslunarfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Vesturlandi. Á ári hverju telja viðtölin nokkra tugi og eru þátttakendur á öllum aldri.

Almennt segir Garðar að margir geri sér ranghugmyndir um hvað felist í matsviðtölunum og kvíði fyrir þeim. Það sé hins vegar með öllu óþarft, matsviðtalið sé á engan hátt próf en fyrst og fremst samtal þar sem markmiðið er að varpa sem bestu ljósi á þá reynslu og hæfni sem viðkomandi býi yfir. „Þess eru mörg dæmi að fólk metur sig sjálft ekki nógu hátt áður en til matsviðtalsins kemur. Þegar



betur er að gáð kemur í ljós að fólk býr yfir meiri færni en það áttar sig á,“ segir Garðar

Í mörgum tilfellum segir Garðar að fólk sem fari í matsviðtöl í verslunarfulltrúanum hafi að baki víðtæka og langa reynslu í verslunarstörfum, hafi jafnvel rekið verslanir um árabíl, verið verslunarstjórar eða haft með höndum annars konar ábyrgð, t.d. vöruinnkaup, uppstillingar vöru o.fl. Margir hafi slæma reynslu af skólakerfinu á sínum tíma, hætt í skóla og farið út á vinnu- markaðinn og aflað sér víðtækrar reynslu á sínu sviði. Raunfærnimatið segir Garðar að sé þessu fólki mikilvægt skref, kjósi það einn góðan veðurdag að sækja sér aukna þekkingu eða formlega menntun. Það opni fólki leiðir og auki því sjálfstraust til þess að sækja sér viðbótarþekkingu. „Það er mjög gefandi að taka þessi matsviðtöl og upplifa hvernig raunfærnimatið nýtist fólki til þess að eflast í starfi eða takast á við nám sem það hafði ekki látið sig dreyma um að fara í,“ segir Garðar Vilhjálmsso.

FORMLEGIR SAMSTARFSADILAR

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Símenntunarmiðstöðin var með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum. Samningurinn gildi frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Viðaukasamningur var gerður fyrir árin 2019, 2020 og 2021.

Megininntakið í samningnum 2015–2018 var að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 og bjóða upp á fjarnáms- og kennsluadstöðu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf var á og fjárhagur leyfði.

Frá stofnun símenntunarmiðstöðvanna hafa þær heyrt undir menntamálaráðuneytið en á árinu 2021 voru gerðar stjórnsýslubreytingar.

Í sáttmála nýrrar ríkisstjórnar sem tók við stjórnartaumunum 28. nóvember 2021 segir m.a.:

„Sí- og endurmenntun verður efla og löggjöf um framhaldsfræðslu endurskoðuð í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði.“¹

Einnig var áherslubreyting hjá nýrri ríkisstjórn með flutningi framhaldsfræðslunnar úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu yfir í félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Í þingsályktun um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, sem samþykkt var á Alþingi í lok síðasta árs, segir m.a.: „Í stjórnarsáttmála er jafnframt boðuð endurskoðun löggjafar um framhaldsfræðslu í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði. Þegar tækniframfarir eru jafnhraðar og raun ber vitni er mikilvægt að efla þekkingu, tryggja jöfn tækifæri og sporna gegn aðstöðumun í breyttu kerfi til þess að

1 Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, 2021.



stuðla að réttlátum umskiptum. Framhaldsfræðsla er því ekki aðeins vinnumarkaðsmál heldur jafnframt félagslegt málefni og miða skipulagsbreytingar við að framkvæmd laga um framhaldsfræðslu verði á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.”²

Með þessum skipulagsbreytingum innan framhaldsfræðslunnar er aukin áhersla lögð á tengsl hennar við atvinnulífið og að hún sé félagslegur stuðningur við þá sem standa höllum fæti á vinnumarkaði og í samfélaginu og veiti þeim aukinn stuðning í formi fræðslu í örum breytingum nútímans.

2 Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands:
<https://www.althingi.is/altext/152/s/0169.html>

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Þann 14. desember 2015 var undirritaður samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um vinnu við verkefni á sviði framhaldsfræðslu sem gildir frá 1. janúar til ársloka 2021.

Þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið og yfirlýsingar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar vottaðar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.



Starfsfólk Símenntunar í leik og starfi.



Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunarmiðstöðvarinnar 2020 og 2021:

Umsóknir Símenntunar	Úthlutað 2020	*Skipting fjármuna eftir breytingu 2020	Úthlutað 2021	*Skipting fjármuna eftir breytingu 2021
Vottaðar námsleiðir	25.390.000	12.702.000	22.933.000	14.153.000
Náms- og starfsráðgjöf	6.879.000	11.006.800	8.392.000	10.892.000
Raunfærnimat	6.634.000	14.536.000	8.210.000	14.990.100

*Vegna breyttra aðstæðna sem sköpuðust vegna Covid tók stjórn Fræðslusjóðs þá ákvörðun að heimila að færa fé af úthlutun árið 2020 og 2021 á milli úthlutunarflokka, þ.e. vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Símenntunarmiðstöðvunum var veitt heimild til að flytja allt að 50% af fjárveitingu hvors árs á milli málaflokka. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að auðveldara og hraðar er hægt að bregðast við m.a. vegna samfélagslegra breytinga, s.s. aukins atvinnuleysis og breytinga í atvinnulífinu.

Ársskýrslu Fræðslusjóðs og upplýsingar um úthlutanir hans til allra símenntunarmiðstöðva má nálgast hér: <https://frae.is/fraedslusjodur/gogn-um-starfsemi/>

Nám er tækifæri

Til að auka virkni og menntun atvinnuleitenda var stofnað til átakins „Nám er tækifæri“ og sett inn bráðabirgðaákvæði við lög um atvinnuleysistryggingar þar sem félagsmálaráðherra var heimilað að skilgreina námsbrautir í reglugerð:

- Námsbrautir í starfs- og tækninámi í framhaldsskóla á 3. hæfnisprepi og ofar, sem eru lánshæf hjá Menntasjóði námsmanna. Í 3. gr. reglugerðarinnar eru 101 braut tilgreind og heimild til að fjölga ef fleiri verða staðfestar.

SIGURÁST AÐALHEIÐUR ÁRNADÓTTIR

Mikil ánægja með handverksnámskeið fyrir fólk með fötlun

„Ég held að sé óhætt að segja að það hafi verið gagnkvæm ánægja þátttakenda og kennara með þessi námskeið,“ segir Sigurást Aðalheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Art Tré ehf – tölvufræðunar og skiltagerðar á Akranesi. Á árinu 2021 bauð fyrirtækið í fyrsta skipti upp á handverksnámskeið, bæði grunn- og framhaldsnámskeið, fyrir fólk með fötlun á Akranesi. Námskeiðin hélt Art Tré í samvinnu við Fjölbúnaðar- og Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

Art Tré ehf er fjölskyldufyrirtæki sem mætti lýsa sem stórra FabLab smiðju, tækjabúnaður eða í það minnsta hluti hans er ekki ósvipaður og í FabLab smiðjunum en hann er þó töluvert stærri og öflugri. Í Art Tré eru framleiddar ýmsar smávörur, húsgögn og vörur af ýmsum toga samkvæmt pöntunum. Auk þess er fyrirtækið í skiltagerð, prentunum, plottun og merkingum.

Sigurást segir að námskeiðin hafi verið þannig byggð upp að í byrjun hafi verið farið yfir grunnatriðin, vélbúnaðurinn kynntur og búnir til ýmsir smáhlutir. Á framhaldsnámskeiðunum hafi síðan verið unnið í flóknari hlutum eins og húsgagnagerð. Smíðuð voru sófaborð og hillur.

„Námskeiðin voru mjög vel sótt og það var mikil ánægja með þetta. Allir þátttakendur voru af Akranesi en mig langar að þróa þetta áfram og gefa fólki með fötlun í Borgarbyggð og á Snæfellsnesi kost á að taka líka svona námskeið. Auðvitað er töluverð vegalengd að koma hingað af Snæfellsnesi en vonandi getum við fundið flöt á því,“ segir Sigurást.



Með pensilinn á lofti.

„Ég hef haft mikla ánægju af því að halda þessi námskeið enda stendur þetta mér nálægt,“ segir Sigurást en auk þess að stýra Art Tré hefur hún frá liðnu hausti stundað nám í þroskajálfun – í fjarnámi – við Háskóla Íslands.

Í ljósi þess hversu vel hefur gengið með þessi námskeið fyrir fólk með fötlun, sem hefur verið unnið sem þróunarverkefni með Símenntunarmiðstöð Vesturlands, segir Sigurást að gaman væri að bjóða líka upp á námskeið fyrir bæði börn og eldri borgara.

- Námsbrautir í starfs- og tækninámi í framhaldsskóla á 1. og 2. hæfnisþrepi ásamt vottuðum námsleiðum framhaldsfræðslunnar. Í 4. gr. reglugerðarinnar eru 17 brautir tilgreindar og heimild til að fjölga ef fleiri verða staðfestar.
- Í háskólum eru brautir sem falla undir fræðasvið starfs- og tæknináms ásamt heilbrigðis- og kennaranámi.
- Aðfaranám í háskóla, sem skipulagt er í samstarfi við háskólana.

Í gegnum átakið var einnig veitt fjármunum til að auka þjónustu við innflytjendur, s.s. að:

- Þróa raunfærnimat fyrir innflytjendur til að fyrra nám og reynsla þeirra nýtist betur á vinnumarkaði.
- Samræma íslenskukennslu fyrir útlendinga og betra aðgengi að stöðumati í íslensku út frá Evrópska tungumálarammanum.

Auk þessa fengu símenntunarmiðstöðvarnar aukið fjármagn til að bjóða upp á raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur og var þá ekki einungis miðað við markhóp framhaldsfræðslunnar, heldur stóð þjónustan öllum til boða óháð menntunarstigi.

Einnig gerði Vinnumálastofnun samning við símenntunarmiðstöðvarnar til að greiða fyrir þá skjólstæðinga sem þáðu þjónustu náms- og starfsráðgjafa en tilheyrðu ekki markhópi framhaldsfræðslunnar.

Símenntunarmiðstöðin var með tvær námsleiðir á haustönn 2021 sem voru fjármagnaðar í gegnum þetta átak, en það var hluti úr Stökkpalli sem kenndur var á pólsku og Uppleið – hugræn atferlismeðferð.

Boðið verður upp á „Nám er tækifæri“ til 1. júní 2022.

Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs

Hlutverk Fræðslusjóðs er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sérstök úthlutunarnefnd er á vegum Fræðslusjóðs sem metur umsóknir og ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári.

Auglýst er eftir umsóknum í mars ár hvert.

Símenntunarmiðstöðin hefur hlotið styrki úr þessum sjóði, síðast 2019.

Upplýsingar um úthlutanir og úthlutunarreglur má nálgast hér: <https://frae.is/fraedslusjodur/nyskopunar-og-throunarverkefni/>



NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna hefur verið í boði frá árinu 2006 og umfangið hefur aukist jafnt og þétt. Náms- og starfsráðgjöfin er hlutlaus ráðgjöf og ætluð fullorðnu fólki sem tilheyrir markhópi skv. lagalegri skilgreiningu í framhaldsfræðslulögum nr. 27/2010. Til þess að ná til fólks þarf að kynna ráðgjöfina þannig að sem flestir skilji hvað er í boði og sjái sér hag í því að koma í viðtal.

Markmiðið með náms- og starfsráðgjöf er að veita upplýsingar um nám og störf, meta námsþarfir einstaklinga, halda utan um og veita stuðning í raunfærnimati, aðstoða og ráðleggja við ferilskrá og starfsleit auk persónulegar handleiðslu, eftirfylgni o.fl. Enn fremur felur starfið í sér að halda utan um skráningar viðtala og niðurstöður raunfærnimats.

Ráðgjöfin hefur í gegnum tíðina oftast farið fram á starfsstöðvum Símenntunarmiðstöðvarinnar en vegna kórónuveirufaraldursins færðist hún að miklu leyti á netið. Að öllum líkindum er þessi nálgun komin til að vera. Kostir rafrænnar ráðgjafar er að aðgengi er óháð búsetu og sparar tíma. Gallarnir geta birst í því að ráðgjafasambandið verður ekki eins djúpt og getur reynst erfitt fyrir þá sem eru ekki mjög tæknivæddir.

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir er jákvætt og mikilvægt að atvinnurekendur sjái sér hag í því að vera í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina. Ráðgjöf getur einnig farið fram í fyrirtækjum og þá í samstarfi við viðkomandi fyrirtæki. Aðrir samstarfsaðilar á Vesturlandi eru Vinnumálastofnun, VIRK, stéttarfélög, Starfsendurhæfing, deildir Rauða krossins, endurmenntunardeildir háskólanna og framhaldsskólarnir.

Öllum nemendum sem sækja lengri námskeið og námsleiðir hjá Símenntunarmiðstöðinni bjóðast viðtöl við náms- og starfsráðgjafa. Kjarninn í náms- og starfsráðgjöf eru ráðþegarnir, því án þeirra væri engin ráðgjöf. Leitast er við að mæta einstaklingum á eigin forsendum og því mikilvægt að átta sig á fjölbreytileika þeirra, vera meðvitaður um menningarmun, ásamt því að hafa heildræna sýn yfir markmið, möguleika, tækifæri og árangur hvers og eins. Þrátt fyrir að ráðþegar tilheyri markhópi eru þeir almennt ólíkir einstaklingar og stundum er ráðgjöfin úrræði þegar þeir sjá fram á einhverjar breytingar í lífi sínu, eins og t.d. atvinnumissi eða heilsubrest. Hins vegar er ráðgjöfin ekki síður kostur til að staldra við, skoða eigin stöðu og velta fyrir sér náms- eða starfsþróun. Fjölmörg dæmi eru um að ráðgjöfin leiði til þess að fólk fer t.d. í raunfærnimat, nám, lýkur námi, breytir um starfsferil o.s.frv.

Margir innflytjendur tilheyra markhópnum og getur náms- og starfsráðgjöf reynst þeim gagnleg við ýmislegt, s.s. atvinnuleit, upplýsingaöflun um störf og símenntun, mat á færni, reynslu og menntun og sem hvatning til starfsþróunar í nýju landi. SMV hefur verið leiðandi í því að nálgast innflytjendur með náms- og starfsráðgjöf og hefur hlutfall þeirra af heildarfjölda ráðþega verið ríflega þriðjungur síðustu ár. Með innflytjendum er hugað að því að kortleggja fyrri menntun, reynslu og færni og athugað hvort þeir geti fengið starfsréttindi metin og yfirfærð frá sínu heimalandi. Þá fá þeir eftir atvikum aðstoð við gerð ferilskráa og umsóknir um störf.

Hægt er að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í gegnum vef Símenntunar eða hringja og óska eftir viðtali.

Samstarf við Vinnumálastofnun hefur verið mjög mikið á tímum Covid, en um 40% viðtala eru við atvinnuleitendur. Í auknu atvinnuleysi getur náms- og starfsráðgjöf verið afar gagnleg til þess að auðvelda atvinnuleitendum að búa sig undir nýjan starfsferil. Ráðgjöf við atvinnuleitendur snýr gjarnan að ferilskrá, umsókna og kynningarbréfa, auk þjálfunar í starfsleit. Jafnframt getur ráðgjöfin beint ráðþegum á nýjar brautir svo sem í raunfærnimat eða nám.

Rétt er að vekja athygli á því að margir ráðþegar falla ekki undir markhópin, en á síbreytilegum tímum er mikilvægt að fólk hafi tækifæri til að breyta um starfsvettvang, þróa nýja færni og kunnáttu. Þeir sem lokið hafa formlegu námi hafa oft og tíðum þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf og leita eftir svokallaðri umskólun. Stundum er menntun viðkomandi orðin úrelt, störf leggjast af og atvinnulífið þróast og breytist. Einstaklingum í þessari stöðu ætti að bjóðast aðgengi að ráðgjöf og raunfærnimat á sama hátt og fólk í markhópnum.

Náms- og starfsráðgjöf - tölfræði

Heildarfjöldi viðtala	2021
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	670

Kyn	2021
Karl	341
Kona	329
Alls	670

Menntunarstig	2021
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	482
Grunnskóli	69
Háskólapróf	21
Iðnmenntun	18
Starfsmenntun - minna en tvö ár	20
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	23
Stúdentspróf	37
ALLS	670

Aldursbil	2021
25 ára og yngri	66
26 - 35 ára	255
36 - 45 ára	167
46 - 55 ára	92
56 ára og eldri	90
ALLS	670

Viðtalstegund	2021
Hópráðgjöf	105
Hvatningarviðtal	1
Ráðgjafarviðtal	564
ALLS	670

Staða á vinnumarkaði	2021
Annað	5
Atvinnuleitandi	368
Hlutastarf og hlutabætur	5
Í námi	10
Í starfi	267
Starfsendurhæfing	9
Öryrki	6
ALLS	670

Ástæða viðtals	2021
Að eigin frumkvæði	139
Boðun í viðtal vegna VMST	269
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	34
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	28
Færnimöppugerð	1
Færnimöppugerð v. raunfærnimats	32
Skimun í raunfærnimat	48
Stuðningur í matssamtali	118
Tilvísun frá VIRK	
endurhæfingarsjóði	1
ALLS	670

Ríkisfang	2021
Ísland	434
Pólland	103
Aðrar þjóðir	133
ALLS	670

Eins og áður eru innflytjendur drjúgur hluti ráðþega eða um 35%. Það er ánægjulegt að vel hefur tekist að sinna þeim hópi, en umfram hefðbundna ráðgjöf fá þeir gjarnan aðstoð við mat á fyrra námi og starfsreynslu. Þannig eiga þeir auðveldara með að fá störf við hæfi og íslensk starfsréttindi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skipuleggur árlega staðfundi fyrir náms- og starfsráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvunum, en á þeim fundum er farið yfir starfið almennt, rætt hvað er nýtt af nálinni og hvaða umbætur þarf að vinna að hverju sinni í starfinu.

Fundirnir eru víðsvegar um landið, en haustið 2021 funduðu náms- og starfsráðgjafar á Ísafirði í húsnæði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

KLAUDIA SYLWIA GUNNARSDÓTTIR

Raunfærnimatið var ánægjuleg upplifun

Klaudia Sylwia Gunnarsdóttir býr með fjölskyldu sinni í Stykkishólmi. Hún starfar sem stuðningsfulltrúi í Grunnskólanum í Stykkishólmi en einnig er hún þar yfir frístund nemenda í yngri bekkjum skólans. Auk þess er hún tulkur skólans, hún er pólskumælandi og sér um, ef þess gerist þörf, að túlka fyrir pólska nemendur og forráðamenn þeirra.

Klaudia fæddist í Póllandi árið 1990, móðir hennar er pólsk en faðir hennar íslenskur. Í Póllandi ólst Klaudia upp til fimm ára aldurs en þá flutti fjölskyldan í Grundarfjörð. Klaudia segir að móðir hennar hafi ætíð talað pólsku við hana og því hafi hún lært málið með móðurmjólkinni. Hún lauk grunnskóla í Grundarfirði árið 2006 og þá lá leiðin í Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN). Þar hætti hún námi að tveimur árum liðnum, flutti til Egilsstaða og fór í Menntaskólann á Egilsstöðum (ME), þar sem hún var í einn vetur.

„Ég fann mig ekki í framhaldsskóla á þessum

tíma, ég hafði einfaldlega engan áhuga á námi. Skömmu eftir að ég hætti í ME flutti ég til Danmerkur og vann þar m.a. á leikskóla. Í Danmörku vorum við í sex ár en ákváðum þá að flytja til Stykkishólms, þar sem maðurinn minn er fæddur og uppalinn. Ég var ráðin sem stuðningsfulltrúi í Grunnskólanum í Stykkishólmi og einnig hef ég yfirumsjón með heilsdagsskólanum, sem er frístundavistun yngri barnanna eftir að kennslu lýkur. Ég er stuðningsfulltrúi í fyrsta bekk skólans til klukkan eitt á daginn en eftir það, til fjögur ár daginn, hef ég yfirumsjón með heilsdagsskólanum,“ segir Klaudia.

Klaudia segist hafa saknað þess að hafa enga formlega menntun er lýtur að kennslu og umönnun barna. „Úr varð að ég og samstarfsskona mín í grunnskólanum ákváðum að innrita okkur í brúarnám fyrir stuðningsfulltrúa í Borgarholtsskóla í Reykjavík. Eftir að við hófum námið var okkur bent á þann möguleika að fara í raunfærnimat og sjá hversu mikið við gætum fengið metið á móti

Samningur við Ríkismennt

Í kjarasamningi ríkisins og Starfsgreinasambandsins, sem gildir 2019-2023 var gerð eftirfarandi bókun: Samningsaðilar eru sammála um að hrinda þurfi af stað átaki til hvatningar til náms og starfsþróunar hjá félagsmönnum SGS sem starfa á stofnunum ríkisins. Ríkismennt þróunar og símenntunarsjóður mun hafa veg og vanda af þessu verkefni, t.d með því að styrkja stofnanir í þessari vegferð og með tímabundinni fjármögnun til náms- og starfsráðgjafar hjá símenntunarmiðstöðvum landsins. Ráðgjafar símenntunarmiðstöðva myndu bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og kynna fyrir starfsmönnum þá kosti sem í boði eru.

Á árinu 2021 var undirritaður samningur milli Ríkismenntar og Símenntunarmiðstöðvarinnar sem byggir á þessari bókun. Flestir starfsmenn sem heyra undir þennan samning starfa á Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Vegagerðinni.

náminu í Borgarholtsskóla. Ég fór í raunfærnimatið snemma árs 2021 og niðurstaða þess gerði það að verkum að námið í Borgarholtsskóla stýttist um hálf tann ári, sem þýddi að ég náði að ljúka því á einu ári og útskrifaðist í maí 2021. Raunfærnimatið hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands, sem ég hafði áður enga vitneskju um, skipti sköpum í þessu ferli og ég er mjög þakklát fyrir að hafa átt þess kost að fara í það. Ég viðurkenni fúslega að ég var mjög stressuð þegar ég fór í raunfærnimatið en þegar upp var staðið var það mjög skemmtilegt og lærdómsríkt ferli og styrkti sjálfstraustið. Ég hafði ekki lengi verið á skólabekk og var því mjög örugg með mína stöðu. Það kom mér því ánægjulega á óvart hversu miklu ég hafði fengið áorkað í gegnum fjölbreytta starfsreynslu, bæði hér á landi og erlendis," segir Klaudia.

Klaudia útilokar ekki að einn góðan veðurdag ljúki hún því sem upp á vanti til stúdentsprófs. Nú þegar hafi margar framhaldsskólaeiningar safnast í sarpinn upp í stúdentsprófið en ein af stóru glímum í því sem út af standi sé stærðfræðin sem hafi aldrei verið henni sérstaklega náinn vinur.

Lauk námi í samfélagstúlkun

Vegna pólskukunnáttunnar hefur Klaudia oft verið fengin til þess að túlka fyrir Pólverja sem hafa ekki nægilega góða þekkingu í íslensku. „Ég er túlkur Grunnskólans í Stykkishólmi og á því er full þörf, enda nokkur fjöldi pólskumælandi nemenda í skólanum. Einnig hef ég túlkað fyrir lögfræðinga og barnaverndina," segir Klaudia.



„Guðrún Vala hjá Símenntunarmiðstöðinni vissi af því að ég hefði verið að túlka hér í Stykkishólmi og hún benti mér á nám í samfélagstúlkun sem Símenntunarmiðstöðin bauð upp á. Það varð úr að ég skellti mér í námið og útskrifaðist í janúar 2022. Ég er því komin með pappíra upp á að ég sé samfélagstúlkur á bæði pólsku og dönsku, sem ég náði góðum tókum á í Danmörku þegar ég bjó þar. Mér fannst þetta nám í samfélagstúlkun vera í senn skemmtilegt og áhugavert. Það nýtist mjög vel og veitir mér góð réttindi sem túlkur," segir Klaudia Sylwia Gunnarsdóttir.

RAUNFÆRNIMAT

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir fólki úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem það hefur öðlast í starfi metið til eininga. Raunfærnimatið getur stytt nám, auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein og öðlast starfsréttindi að því loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára lífaldri og 3 ára starfsaldri.

Símenntunarmiðstöðvarnar fá 18 mánuði til að vinna raunfærnimatsverkefni. Samtals fóru 57 einstaklingar í raunfærnimat hjá Símenntunarmiðstöðinni árið 2021.

Raunfærnimat í verslunarfulltrúa


Raunfærnimatið byggir á námskránni Verslunarfulltrúinn sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gaf út árið 2015 og er ætlað fólki sem hefur starfað við verslun og þjónustu í þrjú ár eða lengur. Raunfærnimatið gagnast sem staðfesting á færni og kunnáttu í störfum, en má jafnframt meta inn í formlega skólakerfið. Námskráin er alls 29 einingar og eru allir þættir til mats nema lokaverkefni sem þátttakendum býðst að ljúka til viðbótar.

Á árinu 2021 fóru 29 manns í gegnum raunfærnimat í verslunarfulltrúa, 16 karlar og 13 konur. Sá elsti var 58 ára og sá yngsti 21 árs. Meðalaldurinn var 34,7 ár.

Matsaðili í verkefninu er Garðar Vilhjálmsson kennari og gæðastjóri í MK.

Hér má nálgast námskrána í verslunarfulltrúa:

https://frae.is/storage/2022/01/Verslunarfulltrui_Des2016.pdf



Raunfærnimat í búfræði

Raunfærnimatið er framkvæmt í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og er metið á móti námskrá í búfræði. Á árinu 2021 fóru 10 manns í gegnum raunfærnimat í búfræði, 6 karlar og 4 konur. Sá elsti var 38 ára og sá yngsti var 23 ára. Meðalaldurinn var 30 ár.

Búfræðibrautin er samtals 133 einingar og voru metnar einingar hjá þátttakendum á bilinu 12-45. Meðaltal metinna eininga á þátttakanda var 36,5 einingar.

Símenntunarmiðstöðin hefur umsjón með raunfærnimati í búfræði á landsvísu.

Matsaðilar í verkefninu eru Eyjólfur Kristinn Örnólfsson sérfræðingur og kennari hjá LBHÍ, Haukur Þórðarson og Jóhannes Kristjánsson, báðir kennarar á framhaldsskólastigi og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir aðjúnt.

Hér má nálgast námskrána í búfræði:

https://ugla.lbhi.is/kennsluskra/index.php?tab=name&chapter=namsleid&id=600008_20216&kennsluar=2022

Raunfærnimat í tækniþjónustu

Raunfærnimatið er framkvæmt í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Metið er á móti námskrá Fræðslumiðstöðvarinnar sem nefnist Tækniþjónusta en sú námskrá er frá árinu 2016. Þetta raunfærnimat er í endurskoðun og þróun, en verið er að vinna að því að sameina raunfærnimat í tækniþjónustu og kerfisstjórnun.

Á árinu 2021 fóru 9 manns í gegnum raunfærnimat í tækniþjónustu, allt karlar. Sá elsti var 46 ára og sá yngsti var 24 ára. Meðalaldurinn var 38 ár.

Matsaðili er Guðjón Þór Hjaltalín.

Hér má nálgast námskrá í tækniþjónustu:

<https://frae.is/wp-content/uploads/2022/01/Taekniþjonusta-1-utgafa-2016.pdf>

Raunfærnimat í félagsvirkni- og uppeldisgreinum

Metið er á móti námskrám í félagsliða, skólaliða og stuðningsfulltrúa. Á árinu 2021 fóru níu manns í raunfærnimat í félagsvirkni og uppeldisgreinum, sjö konur og 2 karlar. Fjórir fóru í raunfærnimat í stuðningsfulltrúa, fjórir í raunfærnimat í félagsliða og einn fór í raunfærnimat í leikskólaliða. Sá elsti var 57 ára og sá yngsti 27 ára. Meðalaldur var 38 ár.

Metnar einingar hjá þátttakendum voru á bilinu 35-80. Meðaltal metinna eininga á þátttakanda var 51 eining. Matsaðilar eru Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, Marína Sigurgeirsdóttir og Bryndís Arnardóttir.

Hér má nálgast námskrár í félagsvirkni- og uppeldisgreinum:

<https://www.bhs.is/namid/felagsvirkni-og-uppeldissvid/>

Raunfærnimat í samstarfi við aðrar miðstöðvar

Símenntunarmiðstöðin er í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur um raunfærnimat í iðngreinum og við Visku í Vestmannaeyjum um raunfærnimat í skipstjórn.

Einn einstaklingur fór í raunfærnimat í iðngreinum í samstarfi við IÐUNA.

Tveir einstaklingar fóru í raunfærnimat í skipstjórn í samstarfi við Visku í Vestmannaeyjum.

Námskeið um framkvæmd raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Slík námskeið eru haldin að meðaltali tvisvar á ári og fer allt starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar á slíkt námskeið.

Nánari upplýsingar um raunfærnimat má nálgast hér:

<https://frae.is/raunfaernimat/>

Raunfærnimat – tölfræði 2021

Heiti raunfærnimats	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Fjöldi metinna eininga	Meðaltalsfjöldi eininga pr.	Meðalaldur
Verslunarfulltrúi	29	13	16	-	-	35
Búfræði	10	4	6	258	36,5	30
Tækniþjónusta	9	0	9	-	-	38
Félagsvirkni- og uppeldisgreinar	9	7	2	460	51	38
Iðngreinar og skipstjórn	3	1	2	130	43	47



Frá Breiðinni.

VOTTAÐAR NÁMSLEIÐIR

sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út námskrár sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu, en eru vottaðar af Menntamálastofnun. Námskrárnar eru bæði almenns eðlis og starfstengdar. Námskrár, sem gerðar eru í dag, byggja margar á svokallaðri hæfnigreiningu starfa eða starfaprófilum.

Vottaðar námsleiðir skiptast annars vegar í almennar námskrár og hins vegar starfstengdar námskrár. Nánari upplýsingar um vottaðar námsleiðir má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is/namskrar

Á árinu 2021 var minna kennt af svokölluðum vottuðum námsleiðum en oft áður. Ástæðan er einkum sú að meiri áhersla var lögð á raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf, eins og markaðurinn kallaði eftir. Einnig setti Covid strík í reikninginn, en áætlað var að bjóða upp á hluta námsleiðar í staðnámi fyrir fyrirtæki. Því þurfti hins vegar að fresta vegna bylgu í kórónuveirufaraldrinum haustið 2021.

Yfirlit yfir vottaðar námsleiðir árið 2021

Námsleið	Fjöldi þáttt.	Fjöldi kest.	Fjöldi nem.st.	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Meðal-aldur
Uppléið - hugræn atferlismeðferð	8	24	192	7	1	39
Kvikmyndasmiðja	15	80	1.200	10	5	32
Uppléið - hugræn atferlismeðferð	10	24	240	8	2	47
Stóriðjuskólinng (grunn nám)	12	105	1.260	9	3	38
Samfélagstúlkun	9	110	990	9	0	35
Stökkpallur - kenndur á pólsku	15	100	1.500	7	8	44
Stökkpallur	13	180	2.340	6	7	34
Samtals	82	623	7.722	56	26	38

Símenntunarmiðstöðin vinnur í þróun á fjarkennslu, enda kallar markaðurinn í auknum mæli eftir fjarnámi og meiri sveigjanleika í námi. Aldrei hafa fleiri námsleiðir verið kenndar í fjarnámi, en fimm af sjö voru kenndar í fjarnámi árið 2021.

SVALA HREINSDÓTTIR

Mikilvægt og þarft verkefni í kórónuveirufaraldrinum

Í kórónuveirufaraldrinum skipulagði Símenntunarmiðstöð Vesturlands og hélt utan um veflæga fræðslu fyrir starfsfólk í öldrunarþjónustu á Vesturlandi. Verkefninu lauk á árinu 2021 og skýrsla um það var gefin út í janúar 2022.

Forsaga málsins er sú að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) skipaði samráðshóp um öldrunarmál á Vesturlandi til þess að fylgja eftir ákveðnum verkefnum í velferðarstefnu Vesturlands. Samráðshópurinn hóf störf á fyrri hluta árs 2020, um það leyti sem kórónuveirufaraldurinn hófst. Á fyrsta fundi voru rædd þau áhrif sem Covid-19 hafði haft á starfsfólk í öldrunarþjónustu og ljóst að mikilvægt væri styðja við og efla það í starfi með markvissri fræðslu við þessar nýju og óþekku aðstæður.

Ákveðið var að efna til fræðslu fyrir starfsfólkið og leitaði samráðshópurinn til Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands um útfærslu og utnumhald hennar.

„Við gerðum okkur fyllilega grein fyrir því að starfsfólk í öldrunarþjónustunni stæði frammi fyrir óþekktum áskorunum og því töldum við mikilvægt að styðja við bakið á því til þessa að takast á við þennan nýjan veruleika. Við fengum fulltrúa starfsfólks öldrunarstofnana á okkar fund og í framhaldinu var mér og Þuru B. Hreinsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands, falið fyrir hönd samráðshópsins að útfæra hugmyndir að fræðslu með Símenntun. Niðurstaðan var sú að hafa fræðsluna veflæga, fyrirlestrar yrðu teknir upp og gerðir aðgengilegir á vefsvæði á netinu. Þannig væri starfsfólki gert kleift að nálgast efnið á þeim tíma þegar því hentaði. Einkum var þetta mikilvægt fyrir vaktavinnufólkið og veit þess dæmi að á starfsmannafundum horfði fólk saman á fyrirlestra. Þetta fræðsluverkefni hófst 2020 og því lauk á árinu 2021,“ segir Svala Hreinsdóttir



sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar.

Í þessu fræðsluverkefni voru námskeið og fyrirlestrar af ýmsum toga. Fjallað var um streitu, tíma og orkustjórnun, öldrunarsjúkdóma, persónuvernd í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu, næringu aldraðra og líknar- og lífslokameðferð. Sóknaráætlun Vesturlands fjármagnaði fræðsluna og einnig tóku starfsmenntasjóðir þátt í kostnaðinum. Fræðslan var þátttakendum að kostnaðarlausu.

„Ég tel að þetta hafi verið mjög gott og þarft verkefni. Þó að við vitum öll hversu mikilvæg fræðsla er fyrir starfsfólk er staðreyndin sú að hún situr oft á hakanum. Í þessu verkefni var mjög gott að fá fagaðila eins og Símenntun að borðinu til þess að skipuleggja og halda utan um það. Í upphafi covid faraldursins þurfti að hugsa hratt og finna bestu lausnirnar. Símenntunarmiðstöðin leysti þetta af stakri prýði og upplifun þeirra sem nýttu sér fræðsluna var mjög jákvæð,“ segir Svala Hreinsdóttir.

ÍSLENSKI HÆFNIRAMMINN UM ÍSLENSKA MENNTUN

Megintilgangur hæfnirammans er tvíþættur;

- Auka gagnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands.
- Auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa.

Hæfniramminn getur einnig nýst almenningi sem tenging á milli óformlegs og formlegs náms, hafi slíkt nám verið sett á þrep. Miðað er við að hægt sé að tengja allt nám sem hefur skilgreind námslok, óháð því hvar það fer fram, við hæfniprep rammans. Ramminn eykur þannig gagnsæi og varpar ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu tilteknu þrepi. Upplýsingar um hæfni má m.a. nota í ferilskrá, við starfsþróun og í umsókn um nám.

Íslenski hæfniramminn telur sjö hæfniprep. Hækkandi þrep endurspeglar auknar hæfnikröfur sem eru skilgreindar í hæfniviðmiðum fyrir þekkingu, leikni og hæfni. Tveimur þrepum, 5. og 6., er skipt upp í 5.1 og 5.2 annars vegar og 6.1 og 6.2 hins vegar í því skyni að draga fram ákveðinn eðlismun á námslokum innan þessara þrepa, t.d. kröfu um reynslu af rannsóknnum.

Mestallt nám í framhaldsfræðslunni er á 1.-2. hæfniprepi.

Nánari upplýsingar um íslenska hæfnirammann má nálgast hér:

<https://mms.is/um-islenska-haefnirammann>

HÆFNIGREININGAR STARFA

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur þróað aðferð við að greina störf og hæfnikröfur þeirra. Hæfnikröfur starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknum störfum og hversu mikil hún þarf að vera. Niðurstöður hæfnigreininga má nýta með fjölbreyttum hætti svo sem við hönnun á námi til undirbúnings þátttöku í atvinnulífinu, sem viðmið í raunfærnimati, sem hvatningu til starfsþróunar og leiðarljós við gerð starfslýsinga og ráðningu starfsmanna.

Svokallaðir starfaprófilar byggjast á þessum hæfnigreiningum, en starfaprófill dregur fram um hvaða starf er að ræða og hvaða hæfni þarf til að sinna því.

Upplýsingar um hæfnigreiningar má finna hér: <https://frae.is/haefnigreiningar/>

Upplýsingar um starfaprófila má finna hér: <https://frae.is/haefnigreiningar/starfaprofilar/>

FJÖLMENNT

Símenntunarmiðstöð Vesturlands er með þjónustusamning við Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð um sí- og endurmenntun fyrir fólk með fötlun, 20 ára og eldra. Í samningnum er tekið fram að Símenntunarmiðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.



Mjög góð samvinna er við þá aðila sem standa að málefnum fólks með fötlun á svæðinu sem er forsenda þess að vel takist til. Ljóst er að bæta þarf í það fjármagn sem Símenntunarmiðstöðin fær á hverju ári til að geta boðið upp á fleiri námskeið og enn metnaðarfullra námsframboð.

Á vorönn 2021 var mikil aðsókn á námskeið sem skýrist af uppsafnaðri þörf vegna Covid. Það gafst í það minnsta tækifæri til að blása lífi í námskeiðahaldið á önninni áður en skellt var í lás aftur. Framboð námskeiða byggist á áhugakönnunum á hverjum stað fyrir sig og aðgengi að aðstöðu.

Sem dæmi má nefna að á Akranesi var boðið upp á handverkssmiðju sem haldin var í samstarfi við fyrirtækið ArtTré og Fjöliðjuna. Fyrirtækið ArtTré hefur umsjón með FabLab á Akranesi og var sú aðstaða nýtt fyrir námskeiðið. Það sló í gegn og voru nýttahlutir smíðaðir, s.s. lyklakippur, borð, prentað á boli og fleira.

Námskeið	Hvar	Fjöldi þátttakenda	Fjöldi hópa	
Kvikmyndasmiðja	Akranes	11	1	Vorönn
Handverksnámskeið	Akranes	33	2	Vorönn
Boccia	Borgarnes	9	1	Vorönn
Sundnámskeið	Borgarnes	8	1	Vorönn
Tónlist og tal	Fellsendi	13	1	Vorönn
Bollakökur	Fellsendi	8	1	Vorönn
Eldað og bakað	Stykkishólmur	6	1	Vorönn
Snyrting	Stykkishólmur	6	1	Vorönn
Snyrting	Ólafsvík	7	1	Vorönn
Sundnámskeið	Ólafsvík	7	1	Vorönn
Handverksnámskeið	Akranes	13	2	Haustönn
Kökuskreytingar	Akranes	10	2	Haustönn
Tónlist og tal	Fellsendi	14	1	Haustönn
Næringarfræði	Borgarnes	5	1	Haustönn
Almennt spjall	Stykkishólmur	6	1	Haustönn

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmenntar – símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar er að finna á www.fjolmennt.is

SAMSTARFSVERKEFNI – INNLEND OG ERLEND

Innlend verkefni

Vinnumálastofnun

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Á árinu 2021 sóttu atvinnuleitendur ýmiss námskeið hjá Símenntunarmiðstöðinni. Símenntunarmiðstöðin býður, í auknum mæli, upp á nám á netinu og geta því atvinnuleitendur óháð búsetu sótt námið.



Á árinu 2021 jókst samstarf VMST Vesturlandi og VMST á Norðurlandi vestra en sami forstöðumaður stýrir nú báðum skrifstofunum. Þetta leiðir til enn meira samstarfs Símenntunarmiðstöðvarinnar og Farskólans m.a. fyrir atvinnuleitendur og eykur líka framboð og fjölbreyttari þjónustu.

Námskeið í gerð ferilskrár, íslenskunámskeið og vottaðar námsleiðir var kennt og m.a. var nám kennt á pólsku sem hefur ekki verið áður í boði.

Allir sem fara á íslenskunámskeið fara fyrst í stöðumat í íslensku, sem er nauðsynlegt til þess að gera kennsluna markvissari. Auk þess þurfa allir þátttakendur á íslenskunámskeiðunum að gera ferilskrá á íslensku sem eykur starfsmöguleika þeirra. Ferilskrána vista þau á „mínum síðum“ á vef Vinnumálastofnunar.

Ýmsan fróðleik og tölfraði má finna á vef Vinnumálastofnunar

www.vinnumalastofnun.is

Rauði kross Íslands

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í farsælu samstarfi við Rauða kross Íslands, Vesturlandsdeild. Rauði krossinn og Símenntun halda skyndihjálparnámskeið fyrir fyrirtæki og einstaklinga samkvæmt eftirspurn. Rauði krossinn útvegar gögn og leiðbeinendur en SMV leggur til húsnæði og auglýsir námskeiðin.

Velferðarstefna – öflugri öldrunarþjónusta

Verkefnið var unnið á árinu 2021 og byggðist á áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands „Velferðarstefna - öflugri öldrunarþjónusta“. Haft var að leiðarljósi að ýta undir samvinnu þeirra aðila sem komu að verkefninu, auk þess sem nútíma tæknilausir auðvelda miðlun upplýsinga og bæta aðgengi starfsfólks að fræðslu.

Einn hluti þessa verkefnis var að auka fræðslu starfsfólks þjónustustofnana fyrir aldraða á Vesturlandi. Þátttakendur voru öldrunar- og hjúkrunarheimili á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og félagsþjónusta sveitarfélaganna.

Boðið var upp á námskeið um streitu-, tíma og orkustjórnun, öldrunarsjúkdóma, næringu aldraðra, líknar- og lífslokameðferð og fjallað um persónuvernd í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Öll þessi námskeið voru í boði á netinu og gátu þátttakendur nálgast upptökur af fyrirlestrunum tveimur vikum eftir hvert námskeið.

Verkefninu er formlega lokið en nú er verið að móta það áfram.

Innflytjendur á Vesturlandi

Þetta er áhersluverkefni innan Sóknaráætlunar Vesturlands og hefur það fyrst og fremst að markmiði að styðja við íbúa af erlendum uppruna í landshlutanum og efla þá til þátttöku á vinnumarkaði. Íbúar af erlendum uppruna eru í dag um 13% íbúa á Vesturlandi. Hátt hlutfall þeirra glímdi við atvinnuleysi í Covid og er sá hópur sem oftast en ekki missir vinnuna þegar þrengir að í atvinnulífinu.

Í verkefninu er lögð áhersla á að ná til sem flestra innflytjenda í landshlutanum, m.a. með miklu og góðu samstarfi við Vinnumálastofnun og heimsóknunum í fyrirtæki og stofnanir. Innflytjendum er boðið upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og ýmis námskeið, s.s. íslenskunámskeið, samfélagsfræðslu, eflingu borgaravitundar, heilsueflingu, ráðgjöf í að stofna fyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt.

Verkefnið felur einnig í sér að móta móttökuáætlun fyrir sveitarfélög og bjóða upp á námskeið fyrir allt starfsfólk fyrirtækja og stofnana í menningarfærni og fjölmenningu.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar í lok árs 2021 voru íbúar á Vesturlandi alls 17.010. Þrettán prósent þeirra eru innflytjendur. Af sveitarfélögunum á Vesturlandi er hlutfallið hæst í Grundarfirði eða tæp 23%.

Gert er ráð fyrir að þessu verkefni ljúki með málþingi í janúar 2023 þar sem verður gerð grein fyrir því í heild sinni.

Erlend verkefni

SINTRA

Verkefnið er unnið í samstarfi 5 Evrópulanda og gengur út á að greina þarfir fyrir nám og stuðning í fyrirtækjum og stofnunum við að innleiða sjálfbærni og nýta til þess innri nýsköpun.

Sjálfbærni vísar almennt til þeirra áhrifa sem stefnur og starfshættir fyrirtækis eða stofnunar hafa á umhverfi og samfélag. Hún er einnig tengd hagkvæmni og samkeppnishæfni.

Innri nýsköpun (e. Intrapreneurship) á sér stað þar sem hugarfar frumkvöðla er virkjað hjá starfsfólki til að ná fram nýsköpun í vörum eða þjónustu.

Verkefnið hófst á haustmánuðum 2020 og lýkur haustið 2022. Vegna Covid hafa fallið niður staðfundir en þeim mun meira fundað á Teams. Haustið 2021 var staðfundur í Króatíu.

Hluti af verkefninu er að tilraunakenna námskeið þar sem þátttakendur kynnast ýmsum gagnlegum aðferðum til að nýta í innri nýsköpun í sjálfbærni-verkefnum á sínum vinnustað.



Dr. Auður H. Ingólfssdóttir hefur umsjón með tilraunakennslunni, en hún er menntuð í alþjóðafræðum með sérstakri áherslu á umhverfismál, auðlindanýtingu og sjálfbæra þróun og hefur mikla reynslu af kennslu.

Sage - lýðheilsa eldri borgara

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi tekur þátt í Erasmus+ Evrópuverkefninu SAGE - Silver Age Learning, sem hefur það að markmiði að efla hreyfingu og almenna lýðheilsu eldra fólks. Auk Íslands taka Grikkland, Slóvenía, Tékkland og Ítalía þátt í verkefninu.

SAGE verkefnið rak á fjörur Símenntunar fyrir tilstilli Fjölmennntar, sem er aðili að því af Íslands hálfu. Símenntun tók að sér að „prufukeyra“ verkefnið hér á landi og sú vinna hófst í byrjun október og lýkur á vormánuðum 2022.

Þrír „modular“ eru tilraunakenndir; hreyfing, næringeldra fólks og slökun. Kennslan er samkvæmt forskrift SAGE og fyrirbyggjandi kennslu efni. Það er síðan í höndum kennaranna að útfæra og laga námsefnið að námshópunum.



Eldri borgarar með leiðbeinanda í tækjasal.

RAGNHEIÐUR GUNNBJÖRNSDÓTTIR

Raunfærnimat er frábært tækifæri fyrir fólk

Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, kennari við Verkefni taskólann á Akureyri, hefur undanfarin tíu ár starfað sem matsaðili í raunfærnimati í þjónustugreinum, fyrir stuðningsfulltrúa, leikskólaliða og félagsliða. Meðal annars hefur hún tekið þátt í að raunfærnimeta fólk á starfssvæði Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.

Raunfærnimat á við um ólíkar starfsgreinar en í því felst að metin er færni og þekking fólks sem það safnar í sarpinn í hinu daglega lífi, á vinnumarkaði, í fjölskyldulífi og tómstundum. Oftar en ekki styttr raunfærnimat nám fólks og er hvatning til þess að ljúka því. Þátttakendur í raunfærnimati þurfa að vera að lágmarki 23 ára og hafa að baki þriggja ára starfsreynslu í viðkomandi starfsgrein.

„Árið 2011 var ég fyrst fengin til þess að vinna sem matsaðil hjá SÍMEY og þá fór ég á námskeið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og aflaði mér réttinda til að starfa sem matsaðili. Síðan hef ég komið að raunfærnimati á vegum SÍMEY og einnig hef ég metið fólk í Skagafirði, vestur á Ísafirði og á Vesturlandi, á vegum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Fyrstu árin, áður en fjarfundatæknin kom til sögunnar, hitti ég fólk og tók viðtölin augliti til auglitis en núna nýtum við tæknina, sem auðveldar fólk hvar sem er á landinu að fara í gegnum þetta ferli,“ segir Ragnheiður.

Margir sem fara í raunfærnimat hafa ekki setið lengi á skólabekk og óttast að það sé einskonar próf. Ragnheiður kannast vel við að fólk sé oft taugatrekkt í upphafi matsviðtalsins en það breytist fljótt og hún segist þora að fullyrða að upplifun fólks af þessu ferli sé almennt mjög jákvæð.

„Í upphafi matsviðtalsins spjalla ég á léttum nótum við fólk og fæ það þannig til þess að anda léttar. Lýsi síðan fyrir því í hverju matsviðtalið felst. Matsviðtölin ganga út á að draga saman hvað fólk hefur gert á lífsleiðinni og safnað í reynslusarpinn. Það er mjög misjafnt hversu langt matsviðtalið er, það fer eftir því hversu vel gengur að fá upplýsingar frá fólk um líf þess og starf. Áður en ég tek viðtölin



skoða ég ferilskrá fólks og gátlista sem er eins konar sjálfsmat þar sem fólk metur sjálft stöðu sína. Í flestum tilfellum dregur fólk úr þegar það metur sjálft sig, staða þess er oftari en ekki sterkari en eigið mat gefur til kynna,“ segir Ragnheiður.

Algengast er að fólk sem fer í raunfærnimat hafi í hyggju að fara í nám og vilji því fá færni sína í viðkomandi starfsgrein metna til framhaldsskólalæininga. „Flestir þeirra sem ég hef unnið með hafa verið á leið í félagsliða-, leikskólaliða- eða stuðningsfulltrúanám. Sumir hafa svo farið í enn frekara nám að þessu loknu. Raunfærnimat er frábært tækifæri fyrir fólk sem hefur lengi starfað í sinni starfsgrein en hefur ekki formlega menntun að baki. Þetta er oftari en ekki skrefið sem fólk þarf á að halda til þess að fara í nám og afla sér formlegra starfsréttinda,“ segir Ragnheiður.

Á síðustu tíu árum hefur Ragnheiður tekið matsviðtöl við rúmlega 260 manns. Hún segir að sem matsaðili nýttist kennslureynslan sér mjög vel en hún hefur kennt á öllum skólastigum; í leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Sem fyrr segir er hún nú kennari við VMA á Akureyri.

FYRIRTÆKJAFRÆÐSLA

Hjá Símenntunarmiðstöðinni er aukin áhersla á fyrirtækjafræðslu. Sú áhersla birtist meðal annars í stefnumótun í markaðsmálum. Lagður var grunnur að samstarfi við bæði fyrirtæki og stofnanir á svæðinu með samtali og heimsóknum, bæði rafrænum og í raunheimum. Verkefnastjórar hafa fundið fyrir áhuga fyrirtækja og sveitarfélaga á að greina enn betur þarfir fyrir fræðslu fyrirtækja og stofnana á Vesturlandi og víðar. Hugmyndin er að mæta þeim þörfum, meðal annars með aukinni áherslu á blandað nám. Fræðslunni er þannig miðlað bæði með rafrænum hætti sem og á vinnustofum og áhersla lögð á raunhæf og raunveruleg verkefni. Grunnur var lagður að samstarfi vítt og breitt um Vesturland á árinu 2021 og mikið var lagt upp úr því að kynna verkefnið Fræðslustjóri að láni í þeim samtölum sem áttu sér stað.

FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Verkefnið byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sem er sérhæfður í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins.

Verkefnið byggist m.a. á því að kerfisbundið er unnið að starfsmannaþróun í fyrirtækjum og stofnunum og tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna.

Starfsmannaþróun er eitt mikilvægasta verkfærið til að þróa og bæta fyrirtæki. Til að mögulegt sé að mæta þörfum starfsmanna er nauðsynlegt að vinna góða þarfagreiningu. Í verkefninu Fræðslustjóri að láni er megináhersla lögð á að stjórnendur og aðrir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu sem þörf er á. Boðið er upp á einföld tæki sem fyrirtækin geta notað og sniðið að eigin þörfum og gengið úr skugga um að starfsmannastefna fyrirtækisins sé í takt við aðra þróun innan þess.

Með þessum hætti fæst yfirlit yfir mannauð fyrirtækisins og hvernig hægt er að þróa hann áfram. Fyrirtækið þarf ekki að eyða tíma í að þróa sitt eigið kerfi heldur getur nýtt krafta sína í önnur verkefni.

Margir starfsmenntasjóðir niðurgreiða verkefnið Fræðslustjóri að láni og er hægt að fá upplýsingar um sjóðina á vefnum Áttin: www.attin.is

Á árinu 2021 var unnið eitt verkefni Fræðslustjóri að láni þar sem afurðin var fræðsluáætlun. Ráðgjafi Símenntunar hefur verið viðkomandi stofnun innanhandar í að skipuleggja og koma námskeiðum í framkvæmd samkvæmt áætluninni og er einskonar fræðslustjóri að leigu. Slíkt fyrirkomulag gefst þeim fyrirtækjum og stofnunum vel og færist í aukana að ráða utanaðkomandi aðila til að halda utan um fræðslu starfsfólks.

SAMTÖK Í FULLORÐINSFRÆÐSLU

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Kvasir eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva en 11 símenntunarmiðstöðvar eiga aðild að samtökunum. Markmið þeirra eru m.a. að efla símenntun og framhaldsfræðslu á Íslandi, þar sem lögð er áhersla á að efla þekkingu og hæfni einstaklingsins og að auka vitund fyrirtækja og stofnana á mikilvægi símenntunar starfsfólks í krefjandi og sýbreytilegu starfsumhverfi.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Innan Kvasis er unnið að sameiginlegum hagsmunum miðstöðvanna, en símenntunarmiðstöðvarnar eru um allt land. Níu þeirra eru á landsbyggðinni og tvær á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn Kvasis skipa eftirfarandi 2020-2021:

Eyjólfur Sturlaugsson, formaður, Fræðslunet Suðurlands

Bryndís Práinsdóttir, Farskólinn á Norðurlandi vestra

Sólveig Hildur Björnsdóttir, Mímir - símenntun

Starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna hafa hist á reglulegum fundum í gegnum tíðina, en af þeim fundum hefur ekki orðið síðustu tvö ár sökum Covid.

Nánari upplýsingar um Kvasi er að finna á www.fraedslumidstodvar.is

Leikn

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvári þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi.

Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar.



Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla, eru lögaðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Einnig geta aðilar innan hins formlega skólakerfis sem starfar að mestu leyti í samræmi við tilgang og markmið Leiknar orðið aðilar.

Nánari upplýsingar um Leikn má finna á www.leikn.is


SARA ANNA SZEKERES-BIRO

Hér sjáum við okkar framtíð

Sara Anna Szekeres-Biro hefur búið á Íslandi síðan í október 2018. Hún kom til landsins með eiginmanni sínum, Kristof da Caixa, til þess að freista gæfunnar í framandi landi. Þau höfðu heyrt vel af Íslandi látið og töldu bjartari framtíðarhorfur hér en í heimalandinu, Ungverjalandi. Hún segir að þeim líki vel á Íslandi og hér sjái þau sína framtíð.

Eftir að Sara og Kristof komu til landsins síðla árs 2018 voru þau til að byrja með á Suðurlandi, störfuðu í Friðheimum og við ferðapjónustuna í Úthlíð í Biskupstungum. Kóvid breytti hlutunum, ferðamennirnir hurfu og þau misstu vinnuna. Í október 2020 lá leiðin til Ólafsvíkur. Sara fékk hlutastarf á veitingastaðnum Skeri og Kristof fékk tímabundna ráðningu á fiskmarkaðnum í Rífi. Um mitt ár 2021 fluttu þau til Reykjavíkur.

Á þeim tíma sem Sara bjó í Ólafsvík fór hún í raunfærnimat í verslunarfulltrúa. Hún segir að reynslan af því hafi verið mjög jákvæð og góð og hún sé þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að eiga samtal um starfsreynslu sína í gegnum tíðina, bæði hér á landi og í Ungverjalandi. Sara segir að hún hafi fengið vitneskju um möguleikann á því að fara í raunfærnimatið í tengslum við íslenskunámskeið hjá Símenntun Vesturlands þegar hún bjó í Ólafsvík. Hún hafi talið að þetta væri kjörið tækifæri til þess að fá starfsreynslu sína og þekkingu metna og þannig gæti hún styrkt stöðu sína á vinnumarkaði hér á landi.



Nú starfar Sara hjá Controlant í Kópavogi, fyrirtæki sem hefur verið í hröðum vexti, ekki síst vegna dreifingar á kórónuveirubóluefni fyrir lyfjaframleiðandann Pfizer út um allan heim. Sara segist hæstánægð með að hafa fengið þessa vinnu og hún líti björtum augum til framtíðarinnar.

ÚR ÝMSUM ÁTTUM

Starfsendurhæfing Vesturlands

Starfsendurhæfing Vesturlands (StarfVest) var formlega stofnuð 11. desember 2014 og er til húsa á Suðurgötu 57 á Akranesi. Hlutverk Starfsendurhæfingar er að veita fólki starfsendurhæfingu sem hefur verið utan vinnumarkaðar vegna veikinda, slysa eða annarra aðstæðna og þurft stuðning við endurkomu á vinnumarkaðinn. Fjármögnun StarfVest er eingöngu í gegnum samstarfssamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

Símenntunarmiðstöðin er stofnaðili að Starfsendurhæfingu Vesturlands og á fulltrúa í stjórn. Aðrir stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Verkaldsfélag Akraness og Stéttarfélag Vesturlands.

Símenntunarmiðstöðin og Starfsendurhæfingin eru í mjög góðu samstarfi með námstækifæri, raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf og aðra fræðslu.

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Vesturlands má finna hér:

www.starfvest.is

FABLAB

Símenntunarmiðstöðin tekur þátt í samstarfi um FabLab smiðju sem hýst er í Breið nýsköpunarsetri á Akranesi. FabLab er smiðja með tækjabúnaði til alls kyns framleiðslu sem gefum ungum sem öldnum einstaklingum að nýta sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum í framkvæmd með því að móta, hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Með þessu samstarfi gefst Símenntunarmiðstöðinni tækifæri til að bjóða upp á námskeið í stafrænni smiðju og stuðla þannig að nýsköpun, auka framboð og fjölbreytni á námi.

Atvinnusýning í Borgarbyggð

Rótarýklúbbur Borgarness stóð fyrir atvinnuvegasýningu í Hjálmakletti í Borgarnesi 30. október 2021. Símenntunarmiðstöðin var þar með kynningarbás enda er mikilvægt að sýna sig og sjá aðra. Þarna gafst tækifæri til að gefa sig á tal við gesti sýningarinnar og fulltrúa þeirra fyrirtækja og stofnana sem tóku þátt í henni.



Hópur skiptinema í vettvangsferð á Akranesi

Námskeið fyrir skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands

Líkt og síðustu ár tók Símenntunarmiðstöðin þátt í verkefni með Landbúnaðarháskóla Íslands sem gekk út á að fræða erlenda skiptinema í skólanum um íslenska sögu, menningu og náttúru. Sett var upp námskeið þar sem leiðbeinandi var með skiptinemunum á Hvanneyri einu sinni í viku í 8 skipti, 1 klst. í senn. Einnig var farið í vettvangsferðir, annars vegar í uppsveitir Borgarfjarðar, þar á meðal í Kraumu, Hraunfossa, í bruggverksmiðjuna Steðja og Reykholt, og hins vegar á Akranes þar sem farið var í vitann þar sem hlustað var á íslensk þjóðlög og á byggðasafnið, svo eitthvað sé nefnt. Í kennslustundunum var boðið upp á örnámskeið í íslensku þar sem nemendur gátu tileinkað sér einföld tjáskipti og lært íslenska hljóðsetningu, fjallað um uppbyggingu íslensks samfélags og um íslenskar hefðir og dægurmál og -menningu. Einnig var fjallað um íslenska náttúru, jarðfræði og landafræði Íslands.

Skiptinemarnir voru 17 og komu víða að. Fjöldi nemenda kom frá Frakklandi og Þýskalandi og einnig frá Svíþjóð, Bandaríkjunum, Lettlandi, Eistlandi, Slóveníu, Slóvakíu, Spáni og Englandi. Afar góður andi og áhugi var í hópnum og námskeiðið hefur líklega fest rætur í skólastarfinu á Hvanneyri.

HELGA GARÐARSDÓTTIR

„Fræðslustjóri að láni“ í Fellsenda



Hjúkrunarheimilið Fellsendi í Sveitarfélaginu Dalabyggð.

Á árinu 2021 fékk hjúkrunarheimilið Fellsendi í Sveitarfélaginu Dalabyggð Símenntun til liðs við sig í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“. Í því felst að ráðgjafi Símenntunarmiðstöðvarinnar greindi óskir starfsmanna hjúkrunarheimilisins um fræðslu og í framhaldinu var sett upp fræðsluáætlun til tveggja ára – 2022-2023.

Hjúkrunarheimilið Fellsendi er sjálfseignarstofnun og hefur starfað í meira en hálfa öld. Heimilismenn eru 27 en starfsmenn um 40 – í heilsdags- og hlutastörfum.

„Í framhaldi af framkvæmdastjórnarfundum þar sem fræðslumálin voru rædd settum við okkur í samband við Símenntunarmiðstöðina og sóttum til Samflots um styrk til verkefnisins. Að fengnu jákvæði svari við styrkumsókninni kom Magnús Smári Snorrason frá Símenntunarmiðstöðinni til okkar í nokkur skipti, vann þarfagreiningu og greindi óskir starfsfólksins um fræðslu og námskeið. Einnig áttum við samtalsfundi í gegnum



netið. Þessi undirbúningsvinna gekk mjög vel og útkoman var fræðsluáætlun til tveggja ára. Nú þegar er búið að halda þrjú námskeið og það fjórða verður núna í mars. Þau námskeið sem við höfum lokið lúta m.a. að jákvæðum samskiptum og vinnu með þunga skjólstæðinga,” segir Helga Garðarsdóttir, forstöðukona hjúkrunarheimilisins Fellsenda.

„Starfsfólk er mjög ánægt með þetta verkefni og þá fræðslu sem þegar er lokið,” segir Helga en vegna þess að margir starfsmenn Fellsenda starfa á vöktum hefur verið farin sú leið að halda hvert námskeið tvisvar svo allir starfsmenn eigi þess kost að njóta fræðslunnar. Áfram verður haldið með fræðslu af ýmsum toga út þetta ár og sem fyrr segir nær fræðsluáætlunin einnig til næsta árs. Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ hefur því borið ríkulegan ávöxt.

VILTU FRÆÐAST MEIRA UM FRAMHALDSFRÆÐSLUNA?

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er leiðandi í að greina, meta og auka hæfni í atvinnulífinu.

Sjá vef: www.frae.is

Gáttin

Gátt er ársrit um fræðslumál fullorðinna þar sem lögð er m.a. áhersla á menntun á vinnumarkaði. Í ritinu eru fræðilegar greinar, kynning á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun og viðtöl og frásagnir um það sem er efst á baugi hverju sinni. Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <http://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>

Næsta skref

Á þessum upplýsingavef er hægt að nálgast upplýsingar um nám, störf, raunfærnimat og ráðgjöf.

Sjá vef: <https://naestaskref.is/>

Menntamálastofnun

Á vef Menntamálastofnunar má finna ýmsar upplýsingar um framhaldsfræðslu.

Sjá vef: <https://mms.is/framhaldsfræðsla>

European Association for the Education of Adults

Hér má finna ýmsar upplýsingar um fullorðins fræðslu í Evrópu.

Sjá vef: European Association for the Education of Adults (eaea.org)

Nordic Netværk for Voksnes Læring

Hér má finna ýmsar upplýsingar um norrænt tengslanet fullorðinna.

Sjá vef: www.nvl.org

AÐ LOKUM

Á ársfundi og í ársskýrslu er horft um öxl, farið vítt og breitt yfir sviðið, staðan metin og spáð í spilin. Við eigum að vera með starfið okkar í stöðugri endurskoðun og rýna okkur sjálf til gagns. Auðvitað vitum við að við erum að gera fjölmargt mjög vel og við leggjum mikið á okkur til þess að bæta starfið okkar dag frá degi. En við spyrjum okkur jafnframt á degi hverjum hvort og hvað við getum gert betur. Allt okkar starf miðar að því að þjónusta okkar fólk sem allra best og bæta við þekkingarbrunn þess. Það er okkar hlutverk.

Við sem störfum hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands finnum sterkt fyrir því að fólki í okkar umdæmi finnst starf okkar skipta miklu máli. Að framhaldsfræðslan og allt sem í henni felst skipti máli. Það er okkur hvatning til að gera betur í dag en í gær. Það er ekkert launungarmál að oft hefur mér fundist sem stjórnvöld sýni framhaldsfræðslunni ekki sama áhuga og við upplifum að fólk í okkar nærumhverfi gerir. Ef til vill er hugtakið „tómlæti“ best lýsandi í þessum efnum. Þess vegna er ánægjulegt að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, sem tók við stjórnartaumunum 28. nóvember 2021, er tekið fram að sí- og endurmenntun muni efla og „löggjöf um framhaldsfræðslu endurskoðuð í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði.“

Með tilfærslu málaflokka milli ráðuneyta

heyrir framhaldsfræðslan nú undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið en var áður undir mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hvað í þessari tilfærslu felst nákvæmlega á eftir að koma betur í ljós en tilvitnunin í stjórnarsáttmálann hér að framan gefur góð fyrirheit og orð eru til alls fyrst.



Tvö af stóru viðfangsefnum 21. aldarinnar á öllum sviðum þjóðlífsins, þar á meðal í menntamálunum, eru hraðar tæknibreytingar og loftlagsváin. Umræða um þessi risastóru mál hafa vikið eilítið undanfarin tvö ár fyrir glímunni við kórónuveirufaraldurinn. En núna, þegar við erum sem betur fer farin að sjá aðeins til lands í glímunni við veiruna, koma þau aftur upp á borðið.

Tæknibyltingin er allsstaðar. Hún blasir við okkur á degi hverjum í okkar daglega

lífi. Tækni dagsins í dag hefur sigrað tækni gærdagsins. Hvernig getum við brugðist við? Erum við ef til vill í sömu sporum og kötturinn sem reynir að ná í skottið á sjálfum sér – en honum tekst það nánast aldrei? Okkar svar hlýtur alltaf að vera það sama; við verðum að takast á við tæknibreytingarnar, að skilja þær, láta þær vinna með okkur, læra á þær. Við getum ekki litið svo á að við náum aldrei í skottið á sjálfum okkur. Svar okkar felst í því að miðla þekkingu og kunnáttu til þess að takast á við nýja tækni – og þjóðfélagsbreytingarnar. Þetta er hægt með því að uppfæra stöðugt okkar námsefni og kennsluaðferðir. Við sem störfum í framhaldsfræðslunni og allir þeir sem starfa í menntunargeiranum hafa risastóru



hlutverki að gegna í þjóðfélagi sem er stöðugt að breytast á öllum sviðum. Við megum ekki sofa á verðinum. Okkar hlutverk er að sækja fram, fara ótroðna slóð og fylgja eftir tæknibreytingunum.

Við stukkum út í djúpu laugina þegar kórónuveirufaraldurinn helltist yfir okkar á einni nóttu á vordögum 2020. Við höfðum hvorki kút né kork til þess að koma okkur að bakkanum, við urðum að klóra okkur sjálf að honum með nýjum lausnum. Kennslan og ráðgjöf færðist að stórum hluta í rafrænt form og það gekk ótrúlega vel. Faraldurinn hélt áfram að stríða okkur á árinu 2021 og við lærðum betur og betur á hinar rafrænu lausnir. Þegar upp er

staðið, nú þegar kórónuveiran virðist vera smám saman að veikjast, erum við sterkari til þess að takast á við framtíðina í rafrænni kennslu og ráðgjöf og það er ljóst að hlutur hennar er og verður vaxandi í okkar starfi. Sem er vel, því það gefur okkur færi á að ná til enn fleiri en ef kennslan og ráðgjöfin væri meira og minna í staðnámi.

Starfsfólki Símenntunar og stjórn, verk-tökum sem hafa starfað fyrir okkur á árinu og öllum nemendum og ráðþegum færi ég bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu.

Inga Dóra Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVARINNAR Á VESTURLANDI 2021

Uppsetning ársskýrslu: Óli Arnar
mars 2022

www.simenntun.is